

G J A L D S K R Á

fyrir Vatnsveitu Akureyrar.

Vatnsskattur.

1. gr.

Fyrir vatnsnotkun skal greiða árlega vatnsskatt af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Akureyrar, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins.

Nú er vatni frá Vatnsveitu Akureyrar veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins og skal þá ákvarða vatnsskattinn samkvæmt því, er í gjaldskrá þessari segir.

2. gr.

Vatnsskattur samkvæmt 1. grein skal vera 0.18% af fasteignamati húsa og lóða þeirra. Lágmark vatnsskatts skal þó vera 0.18% af fasteignamati lóða að viðbættum lágmarksgjaldstuðli á hvern rúmmetra húss og tilsvarendi skal hámark vatnsskatts vera 0.18% af fasteignamati lóðar að viðbættum hámarksgjaldstuðli á hvern rúmmetra húss.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu vera þessir:

	Lágmarks- gjaldstuðill kr./m ³	Hámarks- gjaldstuðull kr./m ³
Vöregymslur og annað ótilgreint húsnæði	3.6	4.5
Íbúðarhúsnæði og bílskúrar	4.5	5.4
Iðnaðarhúsnæði	5.4	6.3
Verzlunar-, skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	6.3	7.2

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

3. gr.

Af jörðum innan lögsagnarumdæmis Akureyrar skal vatnsskattur vera 0.18% af fasteignamati jarðanna (íbúðarhúsa, útihúsa og landi jarðar). Lágmark vatnsskatts skal þó vera 0.18% af fasteignamati útihúsa og lands, að viðbættum kr. 4.50 á hvern rúmmetra íbúðarhúss og tilsvarendi skal hámark vatnsskatts vera 0.18% af fasteignamati útihúsa og lands að viðbættum kr. 5.40 á hvern rúmmetra íbúðarhúss.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

4. gr.

Hafi hús ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður vatnsveitustjórn skattinn, að fengnum tillögum vatnsveitustjóra.

Aukavatnsskattur.

5. gr.

Auk vatnsskatts samkvæmt 1. gr. skal greiða aukavatnsskatt fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki (vinnslustöðvar), útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðapvottastöðvar og önnur slík fyrirtæki, svo og fyrir hreyfivélur og gosbrunna.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, skal hverju sinni greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

7. gr.

Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli með kr. 4.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

8. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

20 til 32 mm mælir	kr.	300.00
40 mm mælir	—	400.00
50 mm mælir	—	800.00
80 mm mælir	—	1 000.00
100 mm mælir	—	2 000.00

Skipavatnsskattur.**9. gr.**

Greiðsla fyrir vatn, sem selt er til skipa og báta í Akureyrarhöfn skal vera kr. 25.00 fyrir hvern teningsmetra, þó aldrei minna en kr. 300.00. Þurfi að afgreiða vatn til skipa og báta utan venjulegs vinnutíma, greiðir kaupandi vatnssölumanni eftirvinnu- eða helgidagakaup.

Heimæða- og tengigjald.**10. gr.**

Gjald vegna lagna heimæða frá götuæð vatnsveitunnar í stofnkрана húss sbr. 5. gr. reglugerðar vatnsveitunnar nr. 55 frá 30. apríl 1959 er ákvarðað í sérstakri gjaldskrá um byggingargjald.

Um gjalddaga, ábyrgð á greiðslu o. fl.**11. gr.**

Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta eftir á með 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

Vatn til skipa skal greiða við afhendingu.

Vatnsskattur greiðist í skrifstofu bæjargjaldkera.

12. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts vegna húss síns. Eigandi fyrirtækis ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsskatts vegna atvinnurekstrar. Útgerðarmaður skips eða skipstjóri ber ábyrgð á greiðslu vatns til skips. Greiðsla vatnsskatts er tryggð með lögveði í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsveði fyrir hvers konar samnings- og aðfararveðum.

Vatnsskatt og önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki.

Heimilt er að loka fyrir vatn frá veitukerfinu til þeirra, sem ekki greiða vatnsskatt á réttum gjalddögum.

Ýmis ákvæði.**13. gr.**

Ef vatn er notað án mælis, þar sem svo hagar til, sem í 5. gr. segir, getur vatnsveitan ákveðið aukavatnsskattinn eftir ætlaðri notkun.

Vilji vatnsnotandi ekki sætta sig við ákvörðun vatnsveitunnar um aukavatnsskatt, getur hann krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld tiltekið tímabil, og verður aukavatnsskattur þess árs reiknaður í hlutfalli við þá mælingu.

14. gr.

Vatnsveitunni er ekki skylt að leggja heimæð eða tengja hana, fyrr en húseigandi hefur greitt heimæða- og tengigjald.

15. gr.

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir útgjöldum getur bæjarstjórn að fengnum tillögum vatnsveitustjórnar, fyrir eitt ár í senn, hækkað vatnsskatt, lágmark og hámark vatnsskatts, aukavatnsskatt, mælaleigu og vatn til skipa um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis, enda verði gætt fyrir mæla l. nr. 94/1971, um breyting á lögum um verðlagsmál, nr. 54 frá 14. júní 1960, ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Vatnsveitu Akureyrar nr. 122 14. apríl 1966 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

**um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Strandasýslu
nr. 111 15. maí 1965.**

1. gr.

3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Sýsluvegir eru:

I. Árneshreppur:

- a) Skjaldarbjarnarvíkurvegur, af Strandavegi hjá Eyri við Ingólfsfjörð fyrir botn Ingólfsfjarðar að Skjaldarbjarnarvík.
- b) Munaðarnesvegur, af Norðurfjarðarvegi að Munaðarnesi.
- c) Krossnesvegur, af Norðurfjarðarvegi, um Krossnes að Felli.
- d) Stóru-Ávíkurvegur, af Strandavegi að Stóru-Ávík.
- e) Flugvallarvegur, af Strandavegi að flugvelli á Gjögurmelum.
- f) Kambsvegur, af Strandavegi í Veiðileysufirði, um Veiðileysu að Kambi.
- g) Árnesvegur, af Strandavegi að kirkju- og félagsheimili.